

Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum og kynferðislegri áreitni starfsfólks.

Stefna leikskólans er að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. (Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig). Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd. Við berum öll ábyrgð hvort sem við erum gerendur eða hlustendur. Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað.

Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralaus brottvikningu.

Allar ásakanir um einelti eru skoðaðar.

Þegar um atvik sem hafa verið upplýst eða þar sem vafi leikur á réttmæti ásakanna er mikilvægt að leita sátta.

Gott getur verið að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að stýra slíkum sáttafundum.

Hvað er Einelti: Ámælisvert eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.

Komi upp einelti eða vanlíðan starfsmanns ber honum að hafa samband við deildarstjóra, aðstoðarleikskólalastjóra eða leikskólalastjóra.

Telji gerandi ekkert vera að gert eða að yfirmaður sé gerandi máls getur viðkomandi leitað til trúnaðarmanns leikskólans er varðar hans stéttarfélags eða öryggistrúnaðarmanns.

12.7. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum barna.

Leikskólinn Álfasteinn leggur áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Því verður hvorki einelti né annað ofbeldi liðið í skólanum.

(Munum að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur). Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi sem og að leysa þau mál sem upp kunna að koma á farsælan hátt.

Leikskólinn Álfasteinn á að vera öruggur vinnustaður barna og fullorðinna þar sem starfið mótast af virðingu, umhyggju og vináttu.

Til að fyrirbyggja einelti er mikilvægt að heimila og skóli stuðli að velferð allra nemenda.

Skilgreiningar á einelti samkvæmt Umboðsmanni barna eru eftirfarandi:

Einelti er niðurlægjandi áreiti eða ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, líkamlegri misbeitingu, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.

Grunur á einelti.

Þegar vitneskja eða grunur verður um einelti frá barni, foreldri eða starfsmanni leikskólans er mikilvægt að koma þeim upplýsingum til deildastjóra eða leikskólastjóra. Deildarstjóri greinir málið samkvæmt skilgreiningu sem leikskólinn styðst við um einelti. Leitað er upplýsinga frá starfsfólki og öðrum er málið varðar. Í framhaldi eru næstu skref tekin eftir eðli málsins

Einelti á sér stað.

Ef grunur um einelti reynist réttur er mikilvægt að deildarstjóri taki málið upp á deildinni og geri forráðamönnum barnsins grein fyrir stöðu mála.

Ferli:

1: Leikskólinn vinnur með þolanda og geranda til að slíkt endurtaki sig ekki.

Unnið er í samvinnu við foreldra barnsins.

2: Einelti eða stríðni er tekin upp á deildinni. Gott er að nýta klípusögur í umræðunni og gefa börnunum tækifæri á að setja sig í spor þolanda. Þannig má uppræta stríðni og minna börnin þannig á hvernig einstaklingnum líður.

3. Ferlið er skráð niður þannig að hægt verði að rekja gang mála. Leikskólastjóri fylgist með framgangi mála.

4: Gangi ekki að uppræta eineltið innan deildarinnar er leitað aðstoðar teymis skólans sem í sitja deildarstjórar, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Þar er ný aðgerðaráætlun gerð í samvinnu við forráðamenn barnsins.

Samkvæmt 16. gr. barnaverndarlaga ber almenningi skylda til að gera starfsfólki barnaverndar viðvart gruni hann að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Samkvæmt 19. gr. sömu laga getur einstaklingur sem tilkynnir óskað eftir nafnleynd gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

Samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga ber öllum þeim sem hafa afskipti af börnum starfa sinna vegna að gera starfsfólki barnaverndar viðvart verði þeir varir við það í starfi sínu að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Tekið er fram að tilkynningarskylda gengur framur ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta. Þá geta þeir sem tilkynna á grundvelli þessarar greinar ekki óskað eftir nafnleynd.